



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

2. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 13. maí 2019 í Fjölheimum á Selfossi.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands (á skype)
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni sl. mánuði
- Verkefni framundan
- Önnur mál

Framkvæmdastjóri óskar eftir að taka eitt af fundarefnum undir önnur mál fyrst á dagskrá fundar og er það samþykkt af fundarmönnum.

Störf stjórnar

- Framkvæmdastjóri leggur til að stjórnarmenn boði sína varamenn ef forföll verða og er það samþykkt.
- Störf stjórnar til umræðu og hvetur formaður til virkar þátttöku allra stjórnamanna sem allir stjórnarmenn taka vel í. Framkvæmdastjóri sýnir stjórn dæmi um erindisbréf og til umræðu að formaður og varaformaður leggi fram drög að slíku bréfi fyrir stjórn MSS næsta starfsár.

Framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður vinna drög að slíku erindisbréf. Þá mun framkvæmdastjóri lista upp og senda helstu hugtök og stofnanir í ferðapjónustu á stjórn.

- Rætt um störf framkvæmdastjóra, ábyrgð og svigrúm til verkefna. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri hafi áfram svigrúm eins og verið hefur til að taka ákvarðanir varðandi útgjöld að 200 þús án þess að bera sérstaklega undir stjórn.

Verkefni sl. mánuði

DMO/Áfangastaðastofur

- Framkvæmdastjóri fer yfir forsögu verkefnisins fyrir nýja stjórnarmeðlimi og kynnir svo efni fundar þar sem Stjórnstöð og Ferðamálastofa kynntu stöðu mála í þróun Áfangastaðastofa (DMO) fyrir forstöðumönnum Markaðsstofa landshlutanna.
- Framkvæmdastjóri sýnir stjórn hugmynd að fyrirkomulagi áfangastaðastofu.
- Formaður stjórnar MSS, framkvæmdastjóri ásamt fulltrúum í stjórn MSS sem sitja fyrir hönd SASS funduðu með formanni og framkvæmdastjóra SASS í síðustu viku. Þar hugmynd að áfangastaðastofum rædd og er vilji þessara aðila að efla núverandi kerfi innan landshlutans. Stjórn samþykkir að vinna eftir sambærilegu módeli og kynnt var á fundinum.

Áfangastaðaáætlun - DMP

- Kynningar á niðurstöðum verkefnisins fyrir sveitarfélögum eru langt komnar, Mýrdalshreppur og Ásahreppur eiga eftir að fá kynningu. Mikil umræða um næstu skref og vægi áætlana. Áfram er unnið að því að tengja við aðrar áætlanir og draga út einstaka verkefni/áherslur. Þá tóku framkvæmdastjóri og verkefnastjóri DMP þátt í stefnumótunarfundi með Rangárþingi Ytra í ferðamálum.
- Verkefnin um „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðapjónustuna“ í sínum farvegi. Búið er t.d. að birta fyrsta myndbandið um jákvæð áhrif og birta greinar.
- Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri áttu fund með formanni Samtaka íslenskra sveitarfélaga, sem er jafnframt stjórnarmaður í Stjórnstöð ferðamála. Markmiðið var að miðla upplýsingum og auka skilning aðila á stöðu verkefnisins.

MAS samstarf

- Fundur forstöðumanna var haldinn á Reykjanesi í mars. Þar var farið yfir erindi vegna DMO og það sent á Ferðamálastofu, Stjórnstöð ferðamála og ráðherra málaflokksins. Önnur verkefni voru einnig rædd, m.a. um þróun vefsíða og gagnagrunns. Undirbúningur fyrir sameiginlegan fund formanna og framkvæmdastjóra var sett á bið, náðist ekki saman og stjórnarskipti höfðu þar mest áhrif.
- Fulltrúar samstarfsins áttu fund með Utanríkisráðherra sem gekk vel.
- **Mannamót** eftirfylgni. Eftir er að rýna frekar til að þróa viðburðinn, sett inn í verkefnahóp. Dagsetning viðburðar næsta árs ákveðin, 16. janúar 2020. Fundur í næstu viku þar sem m.a. verða rædd haustráðstefna/könnun og fleira.
- Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri DMP áttu fund með Ferðamálastofu um stöðu verkefna. Framkvæmdastjóri sendir stjórn tölvupóst með samantekt fundar og fyrirspurn vegna forgangslista verkefna.

Samstarfssamningur við SASS

Ekki er búið að ganga formlega frá viðbótarsamning við SASS, en von er á honum. Verkefni sem MSS er að sinna eru í sínu ferli. M.a. hittist invest- og markaðsteymi reglulega, unnið var kynningarefni fyrir lögregluna vegna lögreglusamþykktar Suðurlands, þolmarkarannsókn er að klárast auk annarra verkefna. MSS vinnur tvö af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar fyrir árið 2019 og er gerður samningur við SASS varðandi þau. Verkefni eru „Umhverfisvænar ferðaleiðir“ og „Samræmdur mynda- og textabanki“. Þá hafa starfsmenn MSS einnig sinnt ráðgjöf til fyrirtækja, íbúafundum vegna mótunar sóknaráætlunar og fleiru.

Markaðsmál

- Vinna við **vörumerkjahandbók** er á lokametrunum og kemur Fannar inn á fundinn til að kynna hana fyrir stjórn. Stjórn gerir ekki athugasemdir við vörumerkjahandbók og því verður farið í að loka því verkefni.
- Alltaf er eitthvað um **blaðamannafyrirspurnir** og Fannar fór yfir helstu fjölmiðla sem hafa komið að undanförunu. Hann tók á móti hópferð blaðamanna frá Þýskalandi sem unnin var í samstarfi við Íslandsstofu og gekk mjög vel. Farið var vítt og breytt um svæðið og vonumst við eftir góðri umfjöllun um Suðurland í kjölfarið á þýska markaðnum. Ásborg hitti m.a. hópinn og tók sérstaka umræðu um meint „overtourism“ í Uppsveitum. Við vonumst til að geta nýtt efnið á okkar miðlum eins og kostur er og að það miði að okkar áherslum.
- Vinna við **vefinn south.is** er alltaf í gangi og hefur Siteimprove komið að góðum notum en getum nýtt lausnina betur. Tókum ekki tilboði að sinni í analytics hluta lausnarinnar.
- **Samfélagsmiðlar** eru enn í höndum Sahara. Markmiðið er að myndaverkefni og myndbandaframléiðsla gefi aukna möguleika þar.
- Fannar sótti **fund Íslandsstofu** um Inspired verkefnið, framkvæmdastjóri hafði þegar fengið kynningu á því. Haldnir eru mánaðarlegir Skype fundir með **Íslandsstofu** um þau verkefni sem eru í gangi á hverjum tíma. Fyrirhugaður fundur formanns og framkvæmdastjóra með nýjum framkvæmdastjóra Íslandsstofu var frestað vegna falls WOW air. Komum einnig að skipulagningu stefnumótunarfundar Íslandsstofu vegna nýrra laga sem haldinn var á Suðurlandi, ásamt því að Dagný og Laufey tóku þátt í vinnu á honum.
- Unnið hefur verið í kortahópum að endurútgáfu **svæðiskorta og landshlutakorts**. Nokkrar breytingar verða gerðar milli ára. Ragnhildur hefur haldið utan um vinnuna að miklu leyti. Þá hafa Anna og Ragnhildur unnið að skipulagi og óskað eftir tilboðum og fleiru varðandi heildarprentun og -dreifingu á svæðiskortunum.
- Eftirvinnsla **MSS myndbanda** nánast lokið sem við birtum út þetta ár.
- Undirbúningur er í gangi fyrir **kynningarferðir (Íslenskar FAM)** sem boðað verður til í maí/júní, m.a. með Vestmannaeyjar er á bið að svo stöddu, aðrar í vinnslu (Klaustur og nágrenni og lágssveitir Árnessýslu).

Árshátíð MSS

Aðalfundur, málþing, örferð og árshátíð MSS voru haldin þann 5. apríl síðastliðinn. Undirbúningsvinna var að venju mjög mikill. Ársreikningur yfirfarinn af skoðunarmönnum og undirritaður af þeim og stjórn. Kynning framkvæmdastjóra byggði mikið á Trend fyrirlestri sem hún sótti á World Travel Market auk yfirferðar á starfsemi ársins. Restin af deginum heppnaðist afbragðs vel í alla staði, góð stemmning

og andi yfir deginum eins og venja er. Ferðin var áhugaverð þar sem fyrirtæki í nágrenni Hellu voru heimsótt og kvöldið góð skemmtun. Starfsmenn leggjast allir á eitt við skipulag og undirbúning, sem var til fyrirmyndar og ber að þakka sérstaklega.

Faghópur sveitarfélag á Suðurlandi um ferðamál

Hópurinn fundaði í Uppsveitunum í mars og var það góður fundur um ýmis verkefni og upplýsingamiðlun.

Fundir og námskeið

- Aðalfundur SAF var haldinn á Húsavík og sótti framkvæmdastjóri hann.
- Starfsmenn sóttu námskeið sem bara heitið „Klár í Kína“ og var haldið á Hótel Selfoss.
- Dagný og Anna sóttu fyrirlestur Danielle Neben um Kínamarkað og í framhaldi ákveðið að fá hana til að vera með erindi á súpufundum MSS.
- Framkvæmdastjóri þátttakandi í fundi Ferðamálastofu um „sjálfvirkni og fjórðu iðnbyltinguna“ sem fram fór í Reykjavík.
- Ýmsir aðrir fundir og ráðstefnur á tímabilinu.

Innra starf

Fá fyrirtæki bæst við frá síðasta fundi. Innra starf í góðum fasa en súpufundir voru haldnir í byrjun maí um móttöku ferðamanna frá Kína. Þeir gengu mjög vel og erindið áhugavert þó þátttakan hefði mátt vera meiri á sumum stöðum.

Verkefni framundan

- **MAS samstarf.** Unnið verður áfram að skilgreiningu á DMO. MAS fundur framkvæmdastjóra er nk. föstudag. Verið er að skoða skipulag haustráðstefnu, eftirvinnslu Mannamóts og fleira. Fundur með formönnum stjórna /framkvæmdastjórum MAS á dagskrá. Vefhópur vinnur áfram að þróun vefja.
- Enn óráðið hvaða **sýningum og vinnustofum erlendis** verður tekið þátt í á þessu ári. Framkvæmdastjóri leggur til Suður Evrópu eða Kanada í október auk Vestnorden í Færeyjum og Mid-Atlantic. Einnig kemur til greina að sækja aftur WTM (ráðstefnuhluta) í London í nóvember.
- **SASS samstarf** og verkefni halda áfram auk þess að það bætast líklega einhver ný við. Vorfundur ráðgjafa verður haldinn í Vestmannaeyjum í lok maí, samráðsvettvangsfundur einnig í maí og fleira. Vinna heldur áfram í teymum og sérverkefni (ferðaleiðir og mynda/textaverkefni) komin í ferli.
- **DMP eftirfylgni** er í gangi samkvæmt áætlun. Fundir með Umhverfisstofnun og Samgöngunefnd SASS á næstu vikum.
- Unnið eftir **markaðsáætlun** ársins og verið er að skoða framleiðslu á efni.
- **Kynningaferðir (innlendar FAM)** verða farnar um mánaðarmótin maí/júní.
- Áfram verður unnið að **eftirfylgni styrktra verkefna** í tengslum við Ferðamálastofu og SASS.

- Mikilvægt að halda áfram að efla **innra (markaðs)starf** MSS. Hugmyndir eru að fundum framkvæmdastjóra og formanns með stærri fyrirtækjum. Huga þarf að dagskrá og efnistöðum súpufunda í haust.
- Fundir með **Íslandsstofu út af** áherslum, t.d. um herferð/vegferð Íslandsstofu og rýnifundur um viðburði Íslandsstofu en vilji er til að tengja einstaka viðburð/sýningar við einstaka landshluta. Framkvæmdastjóri og formaður ætla að setja fund með framkvæmdastjóra Íslandsstofu aftur á dagskrá.
- **Starfsmannamál og starfsmannastefna** hafa setið á hakanum en starfsmannasamtöl fyrirhuguð í maí. Öryggis- og geymslumál komin aftur á skrið með TRS, tekur mikinn tíma.
- Fyrir liggur að endurnýja þarf **samninga við þrjú sveitarfélög** í haust (Árborg, Flóahrepp og Vestmannaeyjabæ).
- Ýmsir **fundir og ráðstefnur** eru framundan, m.a. Almannaþingarástefna á vegum SASS í lok vikunnar.
- **Vest Norden** verður haldið í Færeyjum í september. Undirbúningur hafinn og verður MSS með bás með Ríki Vatnajökuls.

Önnur mál - ákvarðanir

- Framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórn hvort halda eigi áfram útgáfa landshlutabæklings á rafrænu formi líkt og í fyrra. Stjórn ákveður að hætta útgáfu landshlutabæklings og leggja þess í stað meira í vefsíðuna.
- Framkvæmdastjóri leggur til að skrifstofa Markaðsstofunnar loki vegna sumarleyfa 15. júlí – 6. ágúst og er það samþykkt af stjórn.

Fundi slitið kl. 12:30